

## Fréttatilkynning frá Bókasambandi Íslands 5. desember 2022

### 83,5% bókatitla prentaðir erlendis

#### Prentstaður íslenskra bóka 2022

Bókasamband Íslands hefur kannað prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2022. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 109 og fækkar um 3 frá fyrra ári, er 16,5% í ár en árið 2021 var hlutfallið 16,6% á prentun bókatitla innanlands. Fjöldi titla sem prentaður er erlendis er 551 eða 83,5% en var 563 eða 83,4% í fyrra.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 660 í Bókatíðindunum í ár en var 675 árið 2021.

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum.


- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 141; 42 30% prentuð á Íslandi og 99 70% prentuð erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 234; 42 18% prentuð á Íslandi og 192 82% prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 58; 8 14% prentuð á Íslandi og 50 86% prentuð erlendis.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 220; 10 5% prentuð á Íslandi og 210 95% prentuð erlendis.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2021:

	Fjöldi titla	%	Árið 2021	Fjöldi titla	%
Ísland	109	16,5	Ísland	112	16,6
Evrópa	484	73,3	Evrópa	498	73,8
Asía	66	10,0	Asía	63	9,2
USA	1	0,2	Annað	2	0,3
Samtals	660	100%	Samtals	652	100%

Frekari upplýsingar veitir Georg Páll Skúlason, Grafíu – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum. Netfang: [georg@rafis.is](mailto:georg@rafis.is) og sími 5400100.

### Hlutfall prentunar íslenskra bóka 2008 - 2022



### Fjöldi prentaðra íslenskra bóka 2008 - 2022

